

Þór Jakobsson
Eiríkur Sigurðsson
Sigprúður Ármannsdóttir
Sigríður Sif Gylfadóttir

Hafíshætta með tilliti til siglinga úti fyrir Norðurlandi

Unnið fyrir Fjárfestingarstofuna - orkusvið

Hafíshætta með tilliti til siglinga úti fyrir Norðurlandi

(Sea ice hazard off the Icelandic coasts; English summaries on pp. 15-17 and 25)

Formáli

Hér er lýst vinnu sem var unnin samkvæmt verksamningi við Fjárfestingarstofuna - orkusvið, Háaleitisbraut 68, 103 Reykjavík.

Til fróðleiks um margvíslega útbreiðslu hafíss við Ísland er vísað til hafísskýrslna er nefnast "Hafís við strendur Íslands" og Veðurstofa Íslands gefur út. Í ritum þessum sem um þessar mundir eru 15 talsins og lýsa hafís um aldarfjórðungsskeið seinni hluta 20. aldar eru m.a. birt hafískort Landhelgisgæslu Íslands sem alla jafna eru dregin að lokinni ískönnun. Í ritunum eru einnig yfirlit um hafís frá einum mánuði til annars þar sem stuðst er við tilkynningar frá skipum og veðurathuganastöðvum, auk fyrrgreindra ískorta.

Í skýrslu þessari verður grein fyrir líkum á hafískomu á siglingaleiðum úti fyrir Norðurlandi, einkum með tilliti til siglinga til og frá Akureyri en jafnframt hafa siglingaleiðir til fjarða og kaupstaða vestan og austan Eyjafjarðar, þ.e.a.s. til Sauðárkróks og Húsavíkur, verið hafðar í huga.

Í fyrri hluta skýrslunnar (I) er annars vegar almenn lýsing á hafís við strendur Íslands og gerð grein fyrir því helsta í eldri greinargerðum varðandi mat á hafíshættu við Ísland. Hins vegar eru þar ályktanir og mat á hafíshættu að dómi skýrsluhöfunda. Er þar ekki einvörðungu dregnar af eldri úrvinnslu heldur einnig gagnaúrvinnslu til viðbótar sem þótti nauðsynleg og unnin hefur verið sérstaklega fyrir núverandi verkefni.

Nýrri úrvinnslu er lýst nánar í seinni hluta skýrslunnar (II), sem er saminn af Sigríði Sif Gylfadóttur, B.Sc., jarðeðlisfræðingi. Þar eru töflur um fjölda svonefndra hafísdaga fyrir fleiri ár en áður hafa verið athuguð, unnar af Sigríði Sif. Er þar stuðst við frumgögn í svonefndum ísbókum sem hafa að geyma hafístilkynningar frá skipum, strandstöðvum og skýrslur Landhelgisgæslu Íslands að loknu ískönnunarflugi. Eiríkur Sigurðsson veðurfræðingur vann á sínum tíma sams konar töflur fyrir þrjú "hafísár", á tímabilinu frá október 1968 til september 1971, og er þeim smeygt inn í töfluraðir Sigríðar Sifjar sem greina frá hafís á árum fyrir og eftir þetta tímabil.

I. hluti: HAFÍS VIÐ ÍSLAND OG FYRRI ATHUGANIR

Hafís við strendur Íslands

Austur-Grænlandsstraumur liggur úr Norður-Íshafi suður með austurströnd Grænlands, um Grænlandssund milli Íslands og Grænlands og allt suður um Hvarf, suðurodda Grænlands. Mikill hafís berst með straumnum og er sumt komið langt úr norðri, en annað hefur myndast sunnar í Austur-Grænlandsstraumi. Auk hafíss sem myndast á sjó fljóta suður á bóginn borgarísjakar úr skriðjöklum Grænlands, og leifar þeirra, borgarbrot.

Hafís á Grænlandssundi rekur stundum undan vindum og straumum inn á siglingaleiðir við Ísland og upp að ströndum landsins. Íssins gætir mest norður af Vestfjörðum og Norðurlandi. Hafísinn er ein helsta hindrun siglinga meðfram norðurströnd Íslands.

Alla jafna er siglingaleiðin með ströndum fram íslaus og greið yfirferðar, en alloft bregður þó út af. Íssins verður að jafnaði fyrst vart úti fyrir Hornströndum. Það eru einkum langvarandi suðvestan- og vestanáttir í Grænlandssundi sem valda því. Ríkjandi vestlægar áttir norður af landinu valda því einnig að ísinn í Austur-Grænlandsstraumi berst af leið og austur í Íslandshaf. Ef vestanáttin varir enn dögum saman berst ísinn æ lengra austur, jafnvel á móts við Melrakkasléttu.

Ísbreiða þessi er gjarnan djúpt undan Norðurlandi. Engu að síður getur tilvist hennar á þessu hafsvæði gert það að verkum að norðlægar áttir sem kynnu að taka við af vestlægu áttunum eru nú mjög varasamar. Mikil hætta er á að ísinn berist suður inn á siglingaleiðir við Norðurland og jafnvel Austfirði. Dæmi eru um að ís berist að Norðausturlandi úr norðri eftir langvarandi norðlægar áttir án þess að áður hafi ríkt vestanáttir. Ísbreiðan nyrst í Íslandshafi, austur af Scoresbysundi, hefur þá verið óvenjumikil og norðanáttin staðið lengi.

Að lokum ber að athuga að hafís sem á annað borð hefur borist inn á siglingaleiðir úti fyrir Norðurlandi berst austur á bóginn með strandstraumum þar til hann bráðnar eða hrekst frá landi í suðlægum áttum.

Hafísinn í Grænlandssundi er mestur að vorlagi. Hætta á hafískomu við Ísland er því mest í maí. Þá má minnst bregða út af með vindáttir eins og lýst hefur verið að ofan. Auk ísmagns og vindátta, skal að lokum bent á þriðja náttúrufyrirbærið sem þátt á í mismunandi hafískomu við Ísland. Langlífí íssins fer talsvert eftir yfirborðshita sjávar og seltu í yfirborðslaginu. Ástand sjávar við Ísland er mjög breytilegt. Myndun og bráðnun hafíss er þar af leiðandi mishröð.

Gögn

Athuganir á hafís nú á dögum eru gerðar frá skipum og flugvélum, einkum í eftirlitsflugi eða sérstöku ískönnunarflugi Landhelgisgæslu Íslands, og frá strandstöðvum, þ.e.a.s. veðurathuganastöðvum við sjávarsíðuna, ef ísinn er nærri landi. Veðurstofu Íslands er tilkynnt um ísinn um fjarskipti og eru upplýsingar um hafís lesnar upp í næsta veðurfréttatíma í útvarpi, strax skráðar á svonefnt Navtex-kerfi sem er fjarskiptanet ætlað skipum og svo ritaðar á heimavef Veðurstofunnar. Það líður því ekki á löngu frá því t.d. að Landhelgisgæsla sendir skýrslu um ískönnun til hafísdeildar Veðurstofunnar þar til

upplýsingarnar eru gerðar heyrinkunnar sjófarendum við Ísland, bæði á íslensku og ensku, og aðgengilegar til frambúðar þeim sem fletta upp á heimasíðu Veðurstofunnar.

Allar tilkynningar um hafís sem berast þjónustusviði (áður spádeild) Veðurstofunnar eru skráðar í bækur sem í daglegu tali eru kallaðar ísbækur. Þeim er haldið til haga og er nú mikið safn gagna varðveitt í skjalasafni Veðurstofunnar.

Þess skal getið að hafísdeild Veðurstofunnar aflar sér erlendra hafískorta sem eru einkum teiknuð samkvæmt túlkun á fjarkönnunarmyndum veðurtungla sem svífa yfir Norður-Atlantshaf á leið sinni milli póla. Kortin koma frá hafísdeild dönsku veðurstofunnar sem sinnir hafís við Grænland, frá norsku hafísdeildinni í Tromsø en kort hennar ná nokkuð suður fyrir Scoresbysund og þriðja hafísdeildin er sú bandaríska sem teiknar hafískort fyrir öll norðlæg höf, og raunar einnig fyrir Suðurskautshöf. Yfirlitskort þessi gefa til kynna útbreiðslu hafíss í stórum dráttum á hafsvæðum í grennd við Ísland en þau koma ekki að notum við vöktun hafíss á siglingaleiðum við Ísland vegna þess að greiniehæfni og nákvæmni við fjarkönnun er enn ófullnægjandi. Rannsóknir á notkun fjarkönnunar lofa þó góðu en ekki er fyrirsjáanlegt að hyggilegt þyki að draga úr könnun úr flugvélum og upplýsingaöflun frá skipum á íslenskum hafsvæðum.

Hafísskýrslur

Þótt greinargerð þessi um siglingahættu úti fyrir Norðurlandi byggir að mestu á úrvinnslu frumgagna úr ísbókum skal hér til fróðleiks greint lítillega frá reglubundinni úrvinnslu hafíssathugana sem tíðkast hefur á Veðurstofu Íslands.

Hafísupplýsingar sem berast Veðurstofunni eru notaðar á stundinni ef svo mætti að orði komast við vöktun og mat á horfum næstu daga, en reynt er með hliðsjón af veðurútliti og formlegum spám Veðurstofunnar og vitneskju um hafstrauma að átta sig á líklegum breytingum á útbreiðslu og hreyfingum hafíssins. Viðvaranir eru gefnar út ef þurfa þykir. Frekari vinnsla hafístilkynninga felst í samningu mánaðaryfirlita. Bráðabirgðaútgáfu er brugðið á heimasíðu hafísdeildar skömmu eftir hver mánaðamót en lokafrágangur birtist í hafísskýrslum sem gefnar eru út af Veðurstofunni. Þær nefnast “Hafís við strendur Íslands” og eru ársskýrslur þar sem árið er talið frá og með október til og með september, “hafísárið”. Í skýrslunni eru birt öll hafískort Landhelgisgæslunnar frá árinu. Ágrip á ensku birtist aftast í hverju hefti.

Upplýsingar um hafís fyrr á tímum er fyrst og fremst að finna í bók Þorvalds Thoroddsen “Árferði á Íslandi í þúsund ár”. Þar er kafli um hafís frá landnámi til ársins 1915. Lýsing Þorvalds er samantekt unnin úr fornum ritum, annálum, dagbókum og skýrslum. Í “Veðráttunni”, mánaðaryfirliti Veðurstofu Íslands um veðurfar á Íslandi, hefur allt frá og með árinu 1924 birst stutt yfirlit um hafís við strendur landsins. Jón Eypórsson skrifaði skýrslur á ensku um tímabilið 1953-1966 og birti í tímaritinu Jökli, en Hlynur Sigtryggsson gerði í sama tímariti grein fyrir árinu 1967-1968 og Flosi Hrafn Sigurðsson árinu 1968-1969. Eiríkur Sigurðsson samdi síðan yfirlitsskýrslur um hafís við strendur Íslands á tímabilinu frá október 1968 til september 1971. Þetta voru 3 bindi, textinn bæði á íslensku og ensku, og fyrstu skýrslurnar sem Veðurstofan gaf út með heitinu “Hafís við strendur Íslands”.

Hafíssveiflur síðustu aldir

Það er aldagömul reynsla Íslendinga að hafís við strendur Íslands hefur verið mjög breytilegur frá einum tíma til annars. Stundum hefur hann verið ágengur og tíður, en enginn aufúsugestur. Löng tímabil líða þess á milli án þess að hann láti á sér kræla að ráði og gleymist þá jafnvel alveg. Samanburður á tíðni hafískomu síðustu þrjár aldirnar eru vissulega 20. öld í vil, þótt erfiðir ískaflar hafi komið þá öldina líka. Á 18. öld var mikill hafís í upphafi aldarinnar, aftur um miðbik hennar og á ný seinustu áratuginna en skikkanleg hlé voru þess á milli með mun minni hafís.

Í skýrslu um staðarval fyrir orkufrekan iðnað (1983) birtist yfirlit eftir Eirík Sigurðsson um hafís við landið á 19. öld. Það var unnið samkvæmt línuriti hjá Þorvaldi Thoroddsen. Yfirlitstafla Eiríks er birt hér í viðauka á bls. 14. Tafla 1 hér fyrir neðan var síðan gerð samkvæmt yfirliti þessu og kemur þar fram hve mörg ár á 19. öld hafís hafi verið einhvers staðar við strendur landsins í þrjá mánuði eða lengur.

Tafla 1. Hafís við landið 1801-1900 (sjá viðauka).
(Annual sea ice duration in the 19th century)

3 mánuðir eða lengur	35 ár
4 mánuðir eða lengur	25 ár
5 mánuðir eða lengur	15 ár
6 mánuðir eða lengur	10 ár
7 mánuðir eða lengur	3 ár
8 mánuðir eða lengur	aldrei

Breytingar frá ári til árs

Í inngangi var greint í stórum dráttum frá almennum veðurfarslegum aðstæðum sem ríkja í vestanverðu Norður-Atlantshafi meðfram austurströnd Grænlands. Hér verður bætt við nokkrum málsgreinum um ástæður fyrir sveiflum í útbreiðslu íssins frá ári til árs áður en greint er sérstaklega frá hafís á 20. öld.

Eins og áður sagði liggur ískaldur Austur-Grænlandsstraumur suður um Grænlandssund milli Íslands og Grænlands. Þessi meginhafstraumur úr Norður-Íshafi leggur því leið sína ekki svo ýkja langt frá Íslandi, handan hins hlýja Irmingerstraums sem er kvísl úr Golfstraumskerfi Norður-Atlantshafs og umlykur landið réttssælis. Nyrst í Austur-Grænlandsstraumi milli Grænlands og Spitsbergen flýtur í sífellu mikill hafís þannig að íslaust er í rauninni mjög sjaldan suður með Austur-Grænlandi allt suður til Scoresbysunds á 70. breiddargráðu. Suður með Grænlandi bætist síðan við mikill ís að vetrarlagi sem þar myndast í sjónum og árið um kring slæst í för borgarís (öðru nafni fjalljakar, sbr. Konungsskuggsjá) sem fellur úr sporðum þeirra skriðjökla á austurströnd Grænlands sem ná í sjó fram.

Með haustinu vex útbreiðsla hafíss við Austur-Grænland og verður þar smám saman svo mikil nýmyndun íss að jaðarinn er að jafnaði miðja vegu milli Grænlands og Íslands þegar á líður veturinn. Meðalútbreiðsla íssins við Grænland verður mest í maí og nær þá samfelld

breiða suður með öllu Austur-Grænlandi allt til Hvarfs, syðsta odda landsins, og jafnvel suður fyrir og umhverfis suðuroddann.

Stundum verður útbreiðsla hafíssins við Grænland og í Grænlandssundi óvenjumikil og er þá hætt við að hann breiði úr sér langleiðina til Íslands. Er þá ýmist um að ræða nokkuð samfelldar breiður eða leifar af tættum ísjaðrinum sem losnað hefur um fyrir tilverknað ríkjandi vindátta. Vermandi vernd Irmingerstraumsins má sín þá lítils. Ísland er því við hafísmörk eða m.ö.o. í hafísjaðarsvæði norðurhafa.


Hafísmagnið og þar með hættan á hafís við strendur Íslands ræðst einnig af ástandi sjávar og margbreytilegum víxláhrifum hafs og lofts. Austur-Grænlandsstraumurinn og kvísl sú sem greinist suður með austurströnd Íslands og kallast Austur-Íslandsstraumur eru breytileg að hita og seltu við sjávaryfirborð. Skilyrði í hafi norður af landinu til myndunar og endingar á ís eru því misjöfn frá einum vetri til annars. En ekki eru öll kurl komin til grafar þótt vitað sé um ástand sjávar. Gangur lægða um Atlantshaf, styrkur hæðar yfir Grænlandi og þar af leiðandi loftstreymi og vindar ráða úrslitum um útbreiðslu hafíss í Íslandshafi.

Á það ber að minna að hafísinn er aldrei fjarri fiskveiðilögsögu Íslands og þekur oftsinnis miðin vestast og nyrst innan hennar.

Flokkun ísára á 20. öld

Breytingar á hafís við Ísland frá ári til árs í langan tíma hafa verið metnar með eins konar vísitölu, kennda við danska vísindamanninn Lauge Koch. Vísitala tiltekið ár er margfeldi viknafjölda sem hafís var við Ísland og fjölda afmarkaðra strandlengja sem strönd landsins er skipt í, sjá skýrslu eftir Jón Elvar Wallevik og Hjalta Sigurjónsson (1998).

Mynd 1. Ísvísitala Koch's á tímabilinu 1880 - 1996
(Koch index series, indicating annual sea ice amount at the coasts of Iceland)



Í stöplariti á Mynd 1 hér næst á undan, á blaðsíðu 9, er vísitalan fyrir tímabilið 1880 - 1996 táknud. Athygli vekur að tímabil lágra gilda er frá því um 1920 til 1964. Mikill og tíður hafis á tímabilinu 1965 - 1971 kemur skýrt í ljós en síðan verða Koch-gildin breytileg en aldrei jafnhá.

Tafla 2 hér fyrir neðan sýnir flokkun ísára mestalla 20. öld. Skýring á bókstafatáknum eru næst á eftir töflunni, á bls. 8. Drög að töflunni birtust á sínum tíma í skýrslunni "Staðarval fyrir orkufrekan iðnað" (mars 1983), en fullunnin tafla birtist í grein í tímaritinu Ægi árið 1991 (Eiríkur Sigurðsson og Þór Jakobsson) og er endurbirt hér. Árunum er skipt í fjóra flokka eftir ísmagni. Í samræmi við Koch-röðina á Mynd 1, bls. 6, má lesa af töflunni að langt "íslaust" tímabil hafi verið á tímabilinu 1920 - 1964. Árið 1965 hófst hins vegar tímabil ísára en síðan tóku við þrjú "íslaust" ár (1972-1974). Frá 1972 til 1991 skiptust á ísár og íslaust ár. Síðasta áratug aldarinnar voru yfirleitt væg ísár.

Tafla 2. Flokkun hafísára á 20. öld. (Classification of sea ice years according to severity)

1901	:B 1 – B 2	1931	:A	1961	:A
1902	:B 3	1932	:B 2	1962	:A
1903	:B 1 – B 2	1933	:A	1963	:A
1904	:A	1934	:A	1964	:A
1905	:A – B 1	1935	:A	1965	:B 3
1906	:B 1 – B 2	1936	:A	1966	:A
1907	:B 2 – B 3	1937	:A	1967	:B 2
1908	:B 1 – B 2	1938	:B 2	1968	:B 3
1909	:A	1939	:A	1969	:B 2 – B 3
1910	:A – B 1	1940	:A	1970	:B 2 – B 3
1911	:B 3	1941	:A	1971	:B 2
1912	:A – B 1	1942	:A	1972	:A
1913	:A	1943	:B 1 – B 2	1973	:B 1
1914	:B 3	1944	:B 2	1974	:A – B 1
1915	:B 2 – B 3	1945	:A	1975	:B 1 – B 2
1916	:B 1	1946	:A – B 1	1976	:A – B 1
1917	:B 1	1947	:A	1977	:B 1 – B 2
1918	:B 3	1948	:A	1978	:A
1919	:B 2	1949	:B 1	1979	:B 2 – B 3
1920	:B 1	1950	:A	1980	:A
1921	:B 1	1951	:A	1981	:A
1922	:A	1952	:A	1982	:A
1923	:A – B 1	1953	:A	1983	:A
1924	:B 1	1954	:A	1984	:B 1 – B 2
1925	:B 1	1955	:A	1985	:A
1926	:A	1956	:A	1986	:B 1 – B 2
1927	:A	1957	:A	1987	:A
1928	:A	1958	:A	1988	:B 1 – B 2
1929	:B 1 – B 2	1959	:A	1989	:B 1
1930	:A	1960	:A	1990	:B 1 – B 2

- A : Enginn ís eða óverulegur ís
(None or very limited ice)
- B 1: Lítil ís (ís að jafnaði við Norðvesturland)
(Scanty ice (in general ice off NW-Iceland))
- B 2: Miðlungsis (ís að jafnaði við Norðvestur- og Norðurland)
(Medium ice (in general ice off NW- and N-Iceland))
- B 3: Mikill ís (ís að jafnaði við Norðvestur-, Norður- og Austurland)
(Heavy ice (in general ice off NW-, N- and E-Iceland)).

Tafla 3. Fjöldi hafisdaga eftir strandsvæðum og mánuðum, árin 1968 - 1971.
(Number of ice days (with ice observed closer than 12 nautical miles) during 1968 - 1971)

Strand- svæði	Ár	Mánuðir												Fjöldi ísdaga alls	Ísdagar % af ári
		O	N	D	J	F	M	A	M	J	J	Á	S		
Vestfirðir	1968/69				4	7	2	7	1					21	5.4
	1969/70		2	8	3	0	4	3						20	5.5
	1970/71				2	(15)	9	0	0	1				27	7.1
	1968-71		2	8	9	22	15	10	1	1				68	6.2
Horn- strandir	1968/69				11	24	19	26	22	4				106	29.0
	1969/70		1	12	2	0	10	14	6	0	1			46	12.6
	1970/71			1	6	21	(27)	5	1	0	1			62	17.0
	1968-71		1	13	19	45	56	45	29	4	2			214	19.5
Húnaflói Skaga- fjörður	1968/69				2	9	5	20	(31)	15				82	22.5
	1969/70						5	0	2					7	1.9
	1970/71					17	4	0	0	0	0	7		28	7.7
	1968-71				2	26	14	20	33	15	0	7		117	10.7
Norður- land eystra	1968/69				5	8	10	15	14	8				60	16.4
	1969/70			2	0	0	14	(20)						36	9.9
	1970/71					15	1							16	4.4
	1968-71			2	5	23	25	35	14	8				112	10.2
Melrakka- slétta	1968/69				1	14	10	12	(31)	14				82	22.5
	1969/70						17	28	2					47	12.9
	1970/71					1								1	0.3
	1968-71				1	15	27	40	33	14				130	11.9
Austfirðir	1968/69						4		(23)					27	7.4
	1969/70						4	11						15	4.1
	1970/71														
	1968-71						8	11	23					42	3.8
Landið	1968/69				13	25	23	30	31	15				137	37.3
	1969/70		2	12	5	0	23	29	0	0	1			78	21.4
	1970/71			1	6	22	27	5	1	1	1	7		71	19.5
	1968-71		2	13	24	47	73	64	38	16	2	7		286	26.1

Í Töflu 3 hér næst á undan (bls. 9) er sýndur fjöldi hafisdaga eftir strandsvæðum og mánuðum þrjú ár á fyrrnefndu ístímabili á sjöunda áratug 20. aldar. Hún er gerð eftir töflum í fyrrnefndum ársskýrslum Eiríks Sigurðssonar um hafísárin frá október til september 1968-1969, 1969-1970 og 1970-1971. Tafla 3 sýnir samanlagðan fjölda hafisdaga og útbreiðslu hafíss við strendur landsins árin 1968-1971. Hafisdagur kallast ef hafís hefur sést innan 12 sjómílna frá athugunarstað. Tafla 3 er m.ö.o. samanlagðar tölur um hafisdaga þessi þrjú ár. Þessar þrjár eldri töflur sem eiga við fyrrgreind þrjú ár eru taldar með í hinum nýju töflum í seinni hluta þessarar skýrslu.

Af Töflu 3 um hafískomu þessi þrjú ár, má lesa eftirfarandi: Hafíssvæðið liggur frá Vestfjörðum austur um Norðurland til Austfjarða. Hafís við landið nær mestri útbreiðslu í mars og apríl. Við Vestfirði er þó mestur ís í febrúar en ísdagar þar eru mun færri en fyrir Norðurlandi. Mesta hafíssvæðið eru Hornstrandir og nær útbreiðsla þar hámarki í mars. Fyrir Norðurlandi er fjöldi hafísdaga mun minni. Ís á Húnaflóa og Skagafirði nær hámarki í febrúar og maí en annars staðar í apríl. Fyrir Austfjörðum nær ísinn hámarki í maí en þar eru mun færri ísdagar en á hinum strandsvæðunum. Almennt tekið til orða er ísútbreiðsla við landið sem sagt mest síðla vetrar og að vorlagi.

Hafís og siglingar

Í skýrslu um staðarval fyrir orkufrekan iðnað (mars 1983) gerðu höfundar skýrslunnar tilraun til að meta áhrif hafíss á siglingar við Ísland. Þótt sérfræðingar Veðurstofu Íslands hafi ekki komið þar við sögu þykir rétt að endurbirta hér áætlun þessa um siglingatíma við landið (Tafla 4 hér fyrir neðan). Í töflunni eru sýnd dæmi um nokkur hafísár og áhrif á siglingar fyrir Norðurlandi. Þar kemur fram að lokun eða meiri háttar truflun á siglingaleiðum varir skemur en hafís telst vera við landið.

Tafla 4. Nokkur dæmi um hafís við landið og áhrif á siglingar.

(Examples of serious sea ice years and resulting duration of sailing disturbances)

Ár	Hafís við landið, mánuðir	Líkleg lokun eða meiriháttar truflun, mánuðir
1968	5,3	3 - 3,5
1915	3,3	2 - 2,5
1911	3,3	2
1902	5,0	2 - 2,5
1888	7,2	5 - 6 (erfitt mat)
1881	5,0	4,5 - 5

Í annarri staðarvalsskýrslu (Staðarval fyrir álver, júlí 1986) er birt sams konar áætlun um líklega lokun eða meiri háttar tafir í mestu hafísárum, sjá Töflu 5 á næstu blaðsíðu. Var þar m.a. stuðst við stöplaritið á Mynd 1, bls.7. Þrátt fyrir ósamræmi einstöku ár í töflunum tveim sést einnig skýrt í Töflu 5 að tími líkleggrar lokunar stendur skemur en tími hafíss við landið.

Tafla 5. Mestu hafísar frá 1880 og áhrif á siglingar.

(sjá skýringar við ath.semndum, 1,2,3,4, neðan við töflu)

(Most severe sea ice years since 1880 and duration of sailing disturbances)

Ár	Hafískvarði skv. mynd 1 (1)	Hafís við landið skv. mynd 1	Líkleg lokun eða meiriháttar truflun	Tímabil líklegar truflunar í hluta eða heilum mán
1968-69	90	4,7 mán	1-1,5 mán	ósamfellt mars-maí
1967-68	180	6,0 mán	2,5-3 mán	samfellt frá 20/3
1964-65	115	5,0 mán	2-2,5 mán	samfellt frá 25/2

(1944)		(sjá ath. 2,3)	(0-0,5) mán	

1914-15	45 (2)	4,0 mán	2 mán	samfellt (maí-júlí)
1910-11	90	4,7 mán	1,5 mán	samfellt (apríl-maí)
1901-02	135	4,9 mán	2,5 mán	samfellt (feb.-apríl)
1895-96	85	3,5 mán	2,5 mán	samfellt (mars-júní)
1891-92	130	5,5 mán	2-3,5 mán (3)	(feb.-júní)
1887-88	250	7,0 mán	3,5-5,5 mán (3)	(jan.-júní)
1886-87	90	4,5 mán	2,5-3,5 mán (3)	(maí-sept.)
1881-82	115	4,7 mán	2,5-4 mán (3)	(apríl-sept.)
1880-81	160	5,0 mán	4-4,5 mán (4)	samfellt (jan.-maí)

- (1) Hafískvarði er margfeldi af fjölda ísvikna á ári og fjölda strandsvæða þar sem ís sást (Mynd 1).
- (2) Mikill ís fyrir Norðurlandi 1914-15.
- (3) Erfitt mat (ósamfelldur hafístími).
- (4) Lagnaðarís var á Eyjafirði frá því seint í janúar til 8.-9. maí 1881.

Litlar sem engar upplýsingar eru um þéttleika íssins á 19. öld. Hreyfing getur verið á ísnum sem stundum gæti auðveldað siglingu gegnum ísinn. Framangreindar töflur gefa því af þessum sökum til kynna versta ástand hvað varðar siglingu um hafsvæðið.

Samkvæmt Töflu 1, bls. 5, gerðist það fimmtán sinnum á 19. öld að ís var 5 mánuði eða lengur við strendur landsins, tíu sinnum 6 mánuði eða lengur og þrisvar sinnum 7 mánuði eða lengur.

Ýmsar ábendingar

Lagnaðarís við strendur landsins getur lokað höfnum en það er þó fátítt. Yfirleitt fer saman mikill hafís og lagnaðarísar. Staðbundinn lagnaðarís er tæknilega meðfærilegri en hafís (úr Austur-Grænlandsstraumi) og er unnt með hjálp ísbrjóta, ef völ er á, að ryðja skipum leið, sbr. miklar vetrarsiglingar í Eystrasalti. Þess má geta að hvorki á Veðurstofu Íslands né annars staðar er staðið skipulega að athugunum á lagnaðarís við Ísland og varðveislu slíkra upplýsinga. Hér er vísað í grein eftir Hlyn Sigtryggsson sem birtist í tímaritinu Veðrið árið 1970.

Minnt skal rækilega á að greiðfært getur verið vestur og norður fyrir Vestfirði, þótt svo sé ekki úti fyrir Norðausturlandi, og öfugt. Ennfremur kemur fyrir að ís er við landið en íslaust úti fyrir og því vel greiðfært þar. Hafnir kynnu að lokast þótt íslaust sé úti fyrir. Margbreytnin er því mikil. Breytingarnar eiga sér líka stundum stað á skömmum tíma og munur á útbreiðslu frá einum degi til annars getur þá orðið talsverður.

Til fróðleiks skal þess getið að ekki er einhlít fylgni milli kuldavetra og hafísmagns enda eru orsakir hafískomu fleiri en ein eins og áður sagði. Tilraun hefur verið gerð til að raða mestu hafísárum 20. aldar eftir því hve alvarleg þau voru samkvæmt vísitölu og var röðin sem hér segir, mesta hafísárið 1968: 1968, 1902, 1965, 1911, 1969, 1979, 1915, 1970, 1971, 1967. Köldustu ár 20. aldar voru hins vegar þessi, hið kaldasta 1918: 1918, 1979, 1903, 1907, 1981, 1914, 1917, 1983, 1969, 1919.

Hafís á Eyjafirði

Um miðjan níunda áratuginn sl. samdi Eiríkur Sigurðsson stutt álit um hafís í Eyjafirði fyrir Svæðaskipulag Eyjafjarðar. Þar segir m.a.: "Á hafísárum hefur ís oft rekið inn á Eyjafjörð og hann á stundum legið þar langt fram á sumar. Hafís rekur oftast inn á Eyjafjörð á tímabilinu mars til maí, alloft í febrúar og jafnvel í janúar og nokkur dæmi eru um að ís hafi rekið inn á fjörðinn fyrir áramót (t.d. frá 19. öld). Talið er að ís sem kemur snemma vetrar sé sjaldan mikill og standi yfirleitt stutt við, sbr. máltækið "Sjaldan er mein að miðsvetrarís", en frá því eru þó ýmsar harkalegar undantekningar á miklum ísaárum 19. aldar. Vorísinn er almennt talinn þaulsætnari enda hefur hann alloft verið á firðinum langt fram á sumar, jafnvel fram í byrjun september (1882). Fremur sjaldgæft er að hafís fylli Eyjafjörð nema hann verði samfrosti með lagnaðarís. Allmörg dæmi eru um mikla lagnaðarísa á firðinum. Frosta- og ísaveturinn mikla 1881 var Eyjafjörður lagður út undir Hrísey í lok janúar og nærri þriggja álna þykkur ís var síðar mældur á Akureyrarhöfn. Lagnaðarís leysti ekki af Eyjafirði fyrir en 8. - 9. maí.

Í kafla um hafís í ritinu Vesturströnd Eyjafjarðar sem unnið var fyrir Staðarvalsnefnd um iðnrekstur (ritstjóri Helgi Hallgrímsson) árið 1982 segir svo: "Þess má að lokum geta að Eyjafjörð leggur á hverjum vetri innan Oddeyrar (þ.e. Pollinn), svo siglingar geta á stundum verið erfiðar inn til Akureyrar".

Vegna sjávarfalla rekur hafís oftast inn með vesturströnd Eyjafjarðar og fyllir þá stundum alla firði og vikur við fjörðinn utanverðan. Er skemmst að minnast vandkvæða vegna hafíss í mars-apríl 1979, t.d. á Ólafsfirði og Dalvík. Á hægviðratímabilum, sem tíðust eru að vorlagi, getur hafís verið á þvælingi um Eyjafjörð vikum saman eftir sjávarföllum og þarf þá sterka suðlæga vinda til að hrekja hann út úr firðinum."

Þrátt fyrir vandkvæði stöku sinnum er lagnaðarís alla jafna ekki til trafala í Eyjafirði en rétt þótti að minna á myndun hans á firðinum í kaldri tíð. Að dómi staðkunnugra leggur að vísu Pollinn ekki lengur og er það af manna völdum, þ.e.a.s. fyrir tilstilli hitaveitunnar.

Niðurstaða og ályktun

Samkvæmt framangreindri reynslu frá fornu fari og greiningu gagna til þessa hefur koma hafíss að ströndum Íslands verið talinn mjög óreglulegur atburður. Niðurstaða þeirrar gagnlegu viðbótargreiningar sem lýst er í seinni hluta skýrslunnar (II) rennir stöðum undir fyrri ályktanir við mat á hafíshættu á siglingaleiðum meðfram ströndum landsins. Þar er í fyrsta lagi tilgreindur fjöldi hafísdaga við afmarkaðar strandlengjur síðustu áratugina, svo sem strandlengjurnar Húnaflói/Skagafjörður, Norðurland, Melrakkaslétta osfrv. Ennfremur eru töflur um daglegt magn hafíss og áhrif hans á siglingar. Þá fylgja tilvísanir í stöku ístilkynningar, einkum athugasemdir varðandi Eyjafjörð og Skagafjörð.

Þegar verst lét á 20. öld var hafís við landið um það bil 5 mánuði ársins 1902 og 6 mánuði ársins 1968 og önnur 5 ár var hann um það bil 3 - 5 mánuði. En flest árin berst ís inn á siglingaleiðir og að ströndum landsins mun skemur eða alls ekki. Ár geta liðið án þess að hafís berist að ráði inn á siglingaleiðir við Ísland, en þess á milli getur hann verið til trafala, oftast þó um stuttan tíma, nokkra daga eða fáeinar vikur, en stöku sinnum gerir hann sig heimakominn og veldur þá um skeið lokun siglingaleiða eða hafna.

Við samanburð á siglingaleiðum til Sauðárkróks, Akureyrar og Húsavíkur er þess einkum að gæta að leið íssins vestan úr Grænlandssundi er mislöng. Þar sem ísinn kemur langoftast í námunda við landið með vestlægum vindum og flýtur síðan með hlýjum strandstraumum austur með landi, er hafís algengari í Skagafirði en Eyjafirði. Enn sjaldgæfari er ísinn þegar austar dregur þar sem hann heldur áfram að bráðna smám saman og ekkert bætist við. Haldist ísinn á annað borð lækkar því enn tíðni hafískomu austan Eyjafjarðar.

Erfitt er að sjá fyrir hvernig muni ára með tilliti til hafískomu og hvers megi vænta, jafnvel næstu vikur og mánuði. Spár um líkur eiga langt í land en eru eftirsóknarvert rannsóknarefni. Ráðið um þessar mundir er góð vöktun þar sem fylgst er sem best með breytingum á útbreiðslu íssins í Grænlandssundi og í Íslandshafi norðan Íslands og segja síðan altént fyrir um horfur á næstunni með hliðsjón af spám um almenna hringrás í lofthjúpi næstu dægur. Framfarir í fjarkönnun og gerð reiknilíkana um myndun, hreyfingu og eyðingu hafíss munu efla slíka vöktun.

Hafa ber í huga að meginísinn í Grænlandssundi er alltaf að vorlagi - að loknum uppsöfnuðum áhrifum vetrarlangt - ekki fjarri Vestfjörðum og þarf lítið út af að bera til að valda hrakningi ísreks austur á bóginn og inn á Íslandshaf norðan siglingaleiða með ströndum fram. Það gerist í einhverjum mæli nánast hvern vetur síðla.

Hafís við strendur Íslands vofir því yfir miklu oftari en hann reynist verða. "Landsins forni fjandi" lætur sér oftast nægja að hrella mannfólkið og láta líklega yfir komu sinni upp að ströndunum. Best er því að vera ávallt á varðbergi, vona það besta, en reyna að sjá fyrir það versta í tæka tíð með öllum tiltækum ráðum.

VIÐAUKI
(sjá bls. 5)

Hafís við strendur Íslands 1801-1900 (Annual sea ice duration in the 19th century)

Lauslegt yfirlit samkvæmt línuriti Þorvalds Thoroddsen

Ár	Mánuðir	Ár	Mánuðir	Ár	Mánuðir	Ár	Mánuðir
1801	3,9	1826	(0,4)	1851	-	1876	3,2
1802	7,9	1827	6,0	1852	0,8	1877	1,5
1803	4,0	1828	1,2	1853	0,8	1878	3,0
1804	0,7	1829	4,3	1854	0,8	1879	0,7
1805	-	1830	1,2	1855	4,6	1880	1,4
1806	0,7	1831	1,3	1856	0,7	1881	5,0
1807	6,1	1832	0,5	1857	2,8	1882	4,6
1808	1,4	1833	-	1858	1,4	1883	2,7
1809	-	1834	3,0	1859	3,8	1884	-
1810	-	1835	6,0	1860	3,3	1885	1,5
1811	6,6	1836	0,5	1861	-	1886	3,6
1812	2,6	1837	6,0	1862	0,7	1887	4,9
1813	-	1838	1,2	1863	4,0	1888	7,2
1814	-	1839	1,2	1864	-	1889	-
1815	0,6	1840	5,6	1865	1,4	1890	0,6
1816	3,9	1841	-	1866	7,4	1891	3,1
1817	6,4	1842	-	1867	4,3	1892	5,6
1818	0,3	1843	0,8	1868	5,0	1893	2,2
1819	1,6	1844	-	1869	6,3	1894	-
1820	0,5	1845	-	1870	4,7	1895	1,8
1821	5,3	1846	0,6	1871	1,4	1896	1,9
1822	4,4	1847	-	1872	3,2	1897	-
1823	0,6	1848	0,9	1873	2,6	1898	1,2
1824	-	1849	-	1874	4,8	1899	0,2
1825	1,6	1850	1,6	1875	-	1900	-

English summary:

Sea ice hazard in relation to shipping off the coasts of Iceland

In the present report disturbances of sea travel due to sea ice off the coasts of Iceland are described. The report is divided into two parts where the first one (I) contains a description of the general meteorological and oceanographic surroundings controlling the sea ice conditions in Icelandic waters as well as a discussion on the frequency of sea ice occurrences close to sailing routes and harbours. A reference is made to former studies of sailing hazards due to sea ice off the coasts of Iceland and their main results iterated. In part II an additional investigation on sea ice close to Iceland, specifically made for the present report, is described.

In the following paragraphs, some information on the sea ice service in Iceland and sea ice conditions in Icelandic waters are given, concluding with a statement on sea ice hazards on sailing routes off the coasts of Iceland, in particular off the fiords in North Iceland.

Sea ice service in Iceland

The Icelandic Meteorological Office (IMO) is in charge of sea ice service in Icelandic waters where the formal limits are defined as the ocean area inside the economic zone surrounding Iceland. Requests for information on sea ice conditions or climatic values elsewhere in the North Atlantic Ocean or the Arctic Ocean are also responded to as far as possible. Icelandic ships travel far distances in vicinity of ice covered seas, both eastward and westward in the northern part of the North Atlantic Ocean. Information on sea ice close to sailing routes to Murmansk, Spitsbergen (Svalbard), East and West Greenland or Newfoundland in Canada could be needed.

On the other hand, foreign ships as well as Icelandic vessels travelling in Icelandic waters, in particular in the Denmark Strait or the Iceland Sea during sea ice seasons, need to know the extension of sea ice in the area close to Iceland as, for example, the geographical position of the main sea ice edge and the likelihood of encountering scattered sea ice along the sailing route itself.

Sea ice at the coasts of Iceland reaches the area as a result of different meteorological and oceanographic effects. The sea ice information service at IMO is based on various input sources, as observations reported by ships, sea ice reconnaissance flights of the Icelandic Coast Guard, remote sensing imagery received at the IMO Forecast Service and any other reliable news on sea ice that may have been obtained.

Similarly, the receivers of the congregated sea ice information, the customers, are of different types as, for example, sailing boats, small fishing boats, trawlers, tourist ships or in some cases, harbour authorities. Information is given on present sea ice conditions and likely developments based on short term and medium range weather forecasts.

Sea ice occurrences in Icelandic waters are very variable in terms of severity and extent, thus causing different work load at IMO from one year to another as well as providing variable amount of sea ice data for processing and storing. Annual reports on sea ice off the Icelandic coasts are still on the agenda, but their publishing is at the present time lagging behind a few years.

While the monitoring and service work defined above has in the past decades been useful, and succeeded without experiencing any major accidents at sea as well as kept a handful of people at IMO busy, it is hoped that progress can be made in acquiring new techniques. Making use of new remote sensing capabilities and improved integrated weather, sea ice and ocean information systems could be mentioned as attainable goals. For a small identity like the sea ice activity of IMO the hope rests to some extent on the understanding of financial authorities at home but not less on efforts of international cooperation among colleagues, as demonstrated by the formation and annual meetings in recent years of the International Ice Charting Working Group (IICWG).

Icelandic Sea Ice Service and Sea Ice Records

Variation in sea ice occurrence at the coasts of Iceland is an excellent indicator of weather and climate fluctuations. The amount of sea ice reaching Icelandic waters is a result of three factors, a) the amount of advected sea ice approaching from north, i.e. by the East Greenland Current, b) the oceanographic conditions occurring in the upper ocean layer and c) prevailing winds due to favorable atmospheric general circulation. The Denmark Strait (Grænlandssund) and the Iceland Sea (Íslandshaf) is an area of extremely variable fluctuations in the atmosphere and the ocean.

Sea ice at the coasts of Iceland has been observed and recorded through the ages in the Icelandic sagas, annals and diaries. In recent times it has been described by scientists and investigated more or less systematically by sea ice reconnaissance and by recording of reported observations. Ever more detailed information has been received and preserved in archives.

The Icelandic Meteorological Office publishes annual reports on sea ice, containing monthly summaries describing sea ice off the coasts of Iceland. Sea ice charts following sea ice reconnaissance flights by the Icelandic Coast Guard are displayed in these reports (Hafís við strendur Íslands (Sea Ice off the Icelandic Coasts)). While referring to the reports for further information on the variability of sea ice at Iceland, several examples (pp. 18 - 21) are shown on the following pages. It should be carefully noted that an individual chart pictures conditions only in the area which was investigated by the Coast Guard that specific day.

Conclusion and advice concerning hazardous sailing

According to experience for centuries as well as modern analysis of available data, sea ice at the coasts of Iceland is a very irregular incident. Additional information obtained by analysis described in the latter half of this report (II) supports previous statements concerning sea ice hazards off Iceland.



The worst conditions in the last century occurred in 1902 and 1968 when sea ice at the coasts was experienced for appr. 5 - 6 months, altogether. During 5 years of the 20th century sea ice close to the Icelandic coasts was registered appr. 3 - 5 months. During most years, however, sea ice was encountered at a much shorter interval of time, if at all. Several years may last without significant ice on sailing routes off Iceland, but in between it may cause difficulties, albeit briefly, i.e. for a few days or a couple of weeks. Then, on the other hand, it should be noted that the sea ice may occasionally linger on, resulting in hazardous shipping routes and temporarily closed harbours.



It should be borne in mind that sailing with caution may indeed be possible at times during times of sea ice close to the coasts, jfr. Tables 4 and 5 in the Icelandic text above.



In comparing sailing routes to the townships of Saudarkrokur, Akureyri and Husavik, it should be considered that most of the sea ice is transported by winds and currents from west to east. Sea ice is, therefore, generally more common off and inside Skagafjordur (Saudarkrokur) than off and inside Eyjafjordur (Akureyri) whereas the bay Skjalfandi (Husavik) gets less of such visits than Eyjafjordur as the ice continues to melt during its travel eastward along the northern coast of Iceland.

Eastern and western ship routes along the northern coast of Iceland have been in severe ice years simultaneously closed only for a short time, or 10 to 15 days at the longest during the heavy sea ice period 1965 - 1969. Even in the extreme sea ice year of 1968, it was possible to navigate with caution to Akureyri either by the western passage around Horn in NW-Iceland or by the eastern passage around Langanes in NE-Iceland, except for a few days in April and May.

In conclusion, it may be stated that sailing along the coasts of Iceland is generally safe and without difficulties. It should, however, be mentioned that effective interaction between seafarers and those in charge of sea ice monitoring in Icelandic waters is important. Such a cooperation is indeed necessary when at times "the old enemy of the country" seems to threaten sailing routes, the coasts and even the harbours of Iceland.







Rit

Hafís við strendur Íslands. Yfirlitsskýrslur um hafís frá ári til árs, hin fyrsta um "hafísárið" október 1968 - september 1969. 15 hefti. Veðurstofa Íslands.

Staðarval álvers 1982. Áfangaskýrsla staðarvalsnefndar. Iðnaðarráðuneytið, Nr. 82 - 7. Júlí 1982.

Vesturströnd Eyjafjarðar 1982. Náttúrufar og minjar. Unnið fyrir Staðarvalsnefnd um iðnrekstur, iðnaðarráðuneytinu, af Náttúrugripasafninu á Akureyri. Október 1982.

Staðarval fyrir orkufrekan iðnað 1983. Forval. Staðarvalsnefnd um iðnrekstur. Iðnaðarráðuneyti. Mars 1983.

Húsavík 1984. Náttúrufar og minjar. Unnið fyrir Staðarvalsnefnd um iðnrekstur, iðnaðarráðuneytinu, af Náttúrugripasafninu á Akureyri. Janúar 1984.

Staðarval fyrir álver 1986. Lokaskýrsla. Staðarvalsnefnd um iðnrekstur. Iðnaðarráðuneytið. Júlí 1986.

Hafísinn 1969. Ráðstefnurit. Ritstjóri: Markús Á. Einarsson. Almenna bókafélagið.

Jökull 1953 - 1968. Tímarit Jöklarannsóknafélags Íslands (Journal of the Icelandic Glaciological Society), Reykjavík.

Eiríkur Sigurðsson og Þór Jakobsson 1991: Hafís við strendur Íslands - flokkun hafísára. Ægir, 84. árg., 1. tbl. 1991.

Hlynur Sigtryggsson 1970: Um lagnaðarís við Ísland. Veðrið, tímarit, 1. hefti, 15. árg., 1970.

Jón Elvar Wallevik og Hjalti Sigurjónsson 1998: The Koch Index. Formulation, corrections and extension. Veðurstofa Íslands, September 1998.

Thor Edward Jakobsson 2000. Sea Ice Incidents in Icelandic Waters and their Monitoring, in Proceedings of a Workshop on Mapping and Archiving of Sea Ice Data - The Expanding Role of Radar. World Meteorological Organization. WMO/TD-No. 1027. JCOMM (Joint WMO/IOC Technical Commission for Oceanography and Marine Meteorology) Technical Report No. 7, 2000.

II. hluti

Sigríður Sif Gylfadóttir:

Hafisdagar og ísmagn við Ísland árin 1964 til 2001

Formáli

